



Reykjavík 17. apríl 2020

Kæra samstarfsfólk.

Enn lifir gleði páska og gleðidagarnir gengnir í garð. Ég hef orðið vör við mikil og góð viðbrögð við útsendingum um bænadaga og páska, bæði frá útsendingum sóknanna og eins þeim útsendingum sem voru á RUV og N4. Þakka ykkur fyrir það allt sem og allt ykkar frumkvæði, hugmyndaauðgi, bænir og athafnir sem þið hafið sýnt og framkvæmt á þessum covid tímum.

Ég þakka einnig öll símtölin og samtölin sem þið kirkjunnar fólk hafið átt á meðan á þessum faraldri hefur staðið. Ég hvet ykkur til að halda áfram að hringja eða hafa samband við sóknarbörnin og eins að nágrannaprestar styrki hvern annan í þjónustunni. Bið þess einnig að þið sem veikst hafið náíð fullri heilsu sem fyrst.

#### *Helgihald og hvítasunnan*

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum verður samkomubanni aflétt í áföngum. Eftir 4. maí mega 50 manns koma saman í tveggja metra fjarlægð. Eftir sem áður skal gæta að öllu hreinlæti. Veirufaraldurinn er ekki genginn yfir og því verðum við að fara að öllu með gát. Virðum tilmæli og hlýðum reglum. Við skulum flýta okkur hægt.

Þann 17. maí má hefja opið helgihald í kirkjum landsins með þeim fyrirvara sem að ofan greinir en án altarisgöngu. Áður ákveðnar fermingar um hvítasunnu mega fara fram innan þeirra marka sem að ofan greinir í samræmi við fyrirmæli yfirvalda. Að öðrum kosti ekki. Þetta þýðir að hópar barna fermast ekki á hvítasunnu en heimilt er að ferma eitt til tvö börn í sömu athöfn.

Við leggjum okkur fram um að hlýða fyrirmælum yfirvalda. Verum góðar fyrirmyndir.

#### *Útfararvaktin á höfuðborgarsvæðinu*

Það tilkynnist hér með að vaktin sem hófst 14. apríl og stendur til 30. apríl verður síðasta útfaravaktin og upp frá því verður framkvæmd útfara á höfuðborgarsvæðinu með hefðbundnum hætti, að teknu tilliti til ákvæða Almannaþingar um sóttvarnir.

#### *Héraðsfundir og aðalsafnaðarfundir*

Varðandi aðalsafnaðarfundi og héraðsfundi þá gildir það sama og með helgihaldið, 50 manna reglan, fjarlægðin og sóttvarnirnar. Samkvæmt starfsreglum skal halda héraðsfund eigi síðar en 15. júní ár hvert. Í ár mega prófastar ákveða að halda fundina síðar vegna aðstæðna þar sem aðstæður leyfa ekki alls staðar að hægt sé að fara eftir áður nefndum ákvæðum. Ekki er getið um það í starfsreglum um sóknarnefndir að halda beri aðalsafnaðarfundi á ákveðnum

tíma ársins og því gildir það sama um þá fundi. Sé hægt að tryggja að reglur séu haldnar þá ætti að vera hægt að koma þeim við eftir 4. maí n.k. þar sem aðstæður leyfa.

Á biskupsstofu og í kirkjuráði hefur verið rætt um öruggan fjarfundarbúnað til nota í sálgæslu og einnig til útsendinga. Ég tel nokkuð ljóst að sú þekking og færni sem skipast hefur undanfarið sé komin til að vera og beinar útsendingar úr kirkjum verði áfram í einhverjum mæli. Verið er að skoða möguleikann á því að prestar geti sett upp kerfið kara connect sem er öryggisvottað kerfi til nota í viðtölum. Eins er verið að kanna möguleika og kostnað við það að í hverju prófastsdæmi og/eða prestakalli sé vandaður útsendingarbúnaður. Þetta er þó allt á umræðustigi.

Ég vil vekja athygli ykkar á því að hið íslenska Biblíufélag hefur sett í loftið auglýsingu til að minna á félagið en nú stendur yfir boð um að gerast bakhjarl Biblíunnar á Íslandi. Nánari upplýsingar um félagið er að finna á heimasíðunni [biblian.is](http://biblian.is).

Ég vona og bið að ykkur heilsist vel og þið getið notið gleðidaganna í kirkjunni en svo er nefnt tímabilið frá páskum til uppstigningadags í Austurkirkjunni og frá páskum til hvítasunnu í Vesturkirkjunni.

Í 16. Davíðssálmi segir: „Varðveit mig, Guð, því að hjá þér leita ég hælis. Ég segi við Drottin: „Þú ert Drottinn minn, ég á engin gæði nema þig“.“

Með bæn um blessun Guðs í lífi og starfi;



Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.